



Rauði krossinn

Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi

Ársskýrsla

2023


Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Saman getum við meira	4
Sjálfboðaliðar	5
Vinaverkefni Rauða krossins	6-0
Vinahópar Rauða krossins	11
Atstoð eftir afplánun	12-13
Skndihjálp og námskeiðshald	14
Öryggi og björgun	15-16
Fjáröflun og gjafir	17
Fræðsla og kynningarstarfs	18
Stjórn, nefndir, starfsfólk	19
Grundvallarhugsjónir	20



Ávarp formanns

Árið 2023 gekk vel hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ. Starfsemi deildarinnar var staðsett á Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Starfsmenn voru 6 allt árið og verkefnið ærin eins og áður. Samningur var undirritaður við Umhverfisstofnun þar sem deildinni var falið að hafa umsjón með og ábyrgð á lögbundnum skyndihjálparnámskeiðum á sundstöðum landsins. Verkefnið er viðamikið og hefur farið mikill tími í að móta það og aðlagga. Önnur verkefni líkt og Aðstoð eftir afplánun, Mannvinir og Vinaverkefnið hafa verið í endurskoðun eftir heimsfaraldurinn en ljóst er að mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu.



Hinsvegar var stærsta áskorun ársins 2023 sú að eftir að Efla verkfræðistofa var fengin til að gera úttekt á húsinu okkar að Strandgötu 24 og ljóst var að grunur um myglu væri á rökum reistur og algerlega óviðunandi að hafa starfsemi í húsinu. Ekki var annað í stöðunni en að flytja starfsemina úr húsi. Landskrifstofa Rauða krossins bauð okkur aðstöðu tímabundið án endurgjalds. Starfsemin var flutt í Skaftahlíð. Ljóst er að húsnæðið á Strandgötu 24 þarf á miklum endurbótum að halda því auk myglunnar lá fyrir að skipta þyrfti um þak á húsinu og glugga auk endurbóta á salernisaðstöðu.

Á árinu var settur á fót starfshópur með það markmið að skoða sameiningu deildarinnar við höfuðborgardeild. Starfshópurinn á að skoða kosti þess og galla að sameinast og þau samlegðaráhrif sem deildirnar hafa.

Meginhlutverk stjórnar hefur verið síðustu mánuði að horfa til framtíðar og skoða, frá öllum hliðum, hvernig deildin þjónustar starfsfólk, sjálfbóðaliða og skjólstæðinga sem best. Stjórnin vill þakka öllu starfsfólki og sjálfbóðaliðum deildarinnar fyrir að taka áskorunum af æðruleysi með það að markmiði að halda sínu mikilvæga starfi gangandi og halda uppi merkjum Rauða krossins.

Margrét Gauja,

formaður Rauða krossins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi

Saman getum við meira

Sjálfboðaliðar Rauða krossins eru þeir sem styðja við og halda uppi mikilvægu starfi hreyfingarinnar. Rauði krossinn í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi hefur verið leiðandi í öflugu starfi frá sameiningu deildanna, 4. mars 2021. Áherslur deildarinnar hafa verið á verkefni sem snúa að nær samfélaginu og snúa að stuðning við einstaklinga sem áður þurfa að halda. Einnig snýr starf deildarinnar að útbreiðslu skyndihjálpar en það hefur verið eitt af megin verkefnum Rauða krossins á Íslandi í um 80 ár. Nýju ári fylgja ný tækifæri og deildin tók við rekstri á nýju verkefni innan skyndihjálparinnar sem snýr að öryggi í vatni- og sjó. Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þátta er varða öryggi og slysaþættu á sund- og baðstöðum. Með þessu nýja verkefni er verið að efla öryggi og slysavarnir á þessum stöðum og deildin hefur lagt upp úr faglegum vinnubrögðum og þróað ramma sem tryggir gæði.

Starf deildarinnar byggir á kjarna framtíðarsýnar Rauða krossins að koma í veg fyrir og ráða bót á þjáningu og mismunun. Verkefnin eru unnin út frá meginreglum Rauða krossins um mannúð, hlutleysi, sjálfstæði og ekki síst sjálfboðaliðastarf.

„Árið sem er að líða hefur enn og aftur sýnt okkur hversu mikilvægt öflugt sjálfboðaliðastarf er þegar á reynir.“



1.854

félagar í
sameinaðri deild

Haldnir voru 12 stjórnarfundir árið 2023 og með nýju stjórnarfólk koma ýmsar nýjar áherslur. Í lok árs fluttu starfsmenn deildar sig úr húsnæðinu að Strandgötu vegna þess að upp kom meygla. Starfsmenn fluttu inn í laust rými í Efstaleiti 9 þar sem vel var tekið á móti þeim. Starfsemi deildarinnar raskaðist með eindæmum lítið og munu starfsmenn hafa aðstöðu í Efstaleiti 9 þar til ákvörðun verður tekin með húsnæðið. Félagar í sameinaðri deild eru 1.854 og eru þeir hluti af þeim mikilvæga stuðning sem deildin þarf til að geta sinnt sínum verkefnum og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt framlag þeirra á árinu.



Sjálfboðaliðar

Sjálfboðaliðarnir er öflugur hópur og starfa í fjölbreyttum verkefnum. Þeir eru til taks ef út af bregður, á erfiðum tímum, allan ársins hring. Þeir eru lykillinn að góðum starfi og leggja lið að góðu málefni og gera Rauða krossinum kleift að bregðast við þar sem þörfin er mest.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins eiga það sameiginlegt að vilja gefa af sér og veita þeim aðstoð sem þurfa. Hópurinn er fjölbreyttur og með ólíka reynslu að bakinu sem gerir okkur kleift að mæta mismunandi óskum og væntinga þeirra sem sækjast eftir aðstoð. Áherslur verkefna deildarinnar hefur verið á mikilvægi tengsla og félagslegrar þátttöku.

Innan deildar eru verkefni og starfið unnin þvert á fagsvið og unnið er í samráði við að efla þjónustu við notendur hverju sinni, hvort sem það eru gestgjafar í vinaverkefnunum, þátttakendur í Aðstoð eftir afplánun eða þau fyrirtæki eða einstaklingar sem sækja skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum.

Vilji fólks í samfélaginu til að takast á við þrengingar og áskoranir er tvímælalaust til staðar. Störf sjálfboðaliðahalda uppi verkefnum deildarinnar og sem sjálfboðaliði tekur maður virkan þátt í samfélaginu og verður hluti af frábæru sjálfboðaliða samfélagi.



312

sjálfboðaliðar
eru í deildinni

Sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi eru rúmlega 2300 talsins og sjálfboðaliðar deildarinnar eru um 220. Sjálfboðaliðarnir okkar gegna lykilhlutverki í samfélaginu og ekki síst í lífi þeirra sem þurfa á að halda.

„Þetta er svo gefandi og góð lífsreynsla“



Vinaverkefni Rauða krossins

Vinaverkefni Rauða krossins eru félagsleg verkefni þar sem markmiðið er að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt. Einnig eru markmið vinaverkefnanna að sporna gegn félagslegri einangrun, að veita félagsskap, nærveru og hlýju ásamt því að stuðla að því að þeir sem þess óska, fái tækifæri til þess að dafna í gegnum þá félagslegu þátttöku sem þeir óska eftir hverju sinni. Vinaverkefni á höfuðborgarsvæðinu voru fjögur árið 2023, heimsóknarvinir, gönguvinir, símavinir og hundavinir.



212

sjálfboðaliðar
í vinaverkefnum

„Maður kemur endurnærður eftir heimsóknir“



„hef gaman af því að hitta eldra fólk. Það er dásamlegra en aðrir“

Heimsóknarvinir

Heimsóknarvinir byrjuðu árið 1999 í þeirri mynd sem þeir eru í dag og er það eitt vinsælasta vinaverkefni Rauða krossins. Sjálfboðaliðar í heimsóknarvinum heimsækja einstaklinga og/eða hóp sem eftir því óska og fara þeir inn á íbúðakjarna, sam-býli, dvalar- og hjúkrunarheimili, einkaheimili, félagsmiðstöðvar o.þ.h. Útfærslur verkefnisins eru ýmiskonar en útgangspunkturinn er sá að reynt er að mæta þörfum og óskum gestgjafanna eftir fremsta megni.

Hundavinir

Hundavinir byrjuðu árið 2006 og er það eitt af kjarnaverkefnum Rauða krossins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Markmið þeirra er eins og í heimsóknarvinum að veita félags-skap, nærveru og hlýju og er hlutverk hundsins í verkefninu stórt þar sem margir hverjir eiga auðveldara með samskipti við hunda en einstaklinga og finnst gott að geta fengið að knúsa og spjalla við hundinn.



„Gott að geta talað við einhvern reglulega og gott að fara út“

Í upphafi árs voru 242 skráð pör í verkefninu, þvert á öll verkefni, en þar sem sá fjöldi var talin ómarktækur var farið í eftirfylgd. Haft var samband við sjálfboðaliða og gestgjafa í verkefninu og það sem var til dæmis spurt um var:

- hvort sjálfboðaliði og gestgjafi væru enn í virkri þörun
- hvort Vinaverkefnið hefðu dregið úr einmanaleika og/eða einangrun þátttakenda
- hvort þátttakendur myndu mæla með verkefninu

Góð svörun

Svörun á meðal sjálfboðaliða var góð, eða um 55,7% og um 33,5% gestgjafa svöruðu. Búið var að ná í alla sem voru skráðir í byrjun árs um mitt ár. Helstu niðurstöðurnar eru þær að Vinaverkefnið hafi jákvæð áhrif á þá sem taka þátt, þau hafa dregið úr einmanaleika og/eða einangrun og mikill meiri hluti þeirra sem fá vin úr verkefninu myndu mæla með því. Sjálfboðaliðar mátu reynslu sína sem jákvæða og mjög jákvæða (89%) og meirihluti þeirra myndi mæla með verkefninu.

Nánari niðurstöður eru að finna hjá verkefnastjórum verkefnisins.

Gönguvinir

Gönguvinir byrjuðu árið 2016 og snýst það verkefni um að fara út að ganga og er gangan alfarið miðuð að þátttakandanum og hans geta. Sumir gönguvinir taka léttari göngur á meðan aðrir fara í lengri göngur eins og t.d. upp að Steini í Esjunni. Félagsleg tengsl í heilsusamlegri útiveru er hér lykilatriðið, gönguvinir eru því tilvalið verkefni fyrir þá sem vilja bæði njóta útiverunnar og góðrar samveru.



97%

þátttakenda voru sammála um að þeir myndu mæla með vinaverkefninum.



84,7%

telja að Vinaverkefnið hafi dregið úr einmanaleika og/eða einangrun þeirra.

Vinaverkefnið hafa jákvæð áhrif á þá sem taka þátt og draga úr einmanaleika.



Gott að knúsa Rauða kross hund.

„Telur niður dagana þar til þær hittast næst“

Í byrjun árs var farið að vinna eftir því verklagi að hver pörun væri til eins árs og í lok tímabilsins væri tekin staðan á sjálfbóðaliðanum og gestgjafanum. Eftirfylgnin í verkefnunum var tekin föstum tókum á árinu. Allir sem fara í pörun fá símtal einum til þremur dögum eftir fyrstu heimsókn, aftur eftir sex vikur, um mitt ár og svo eftir 12 mánuði. Þátttökukönnun er send út í lok tímabils á gestgjafa og sjálfbóðaliða. Með betri eftirfylgni var tekin ákvörðun að heimsækja þá sem hafa verið hvað lengst að hittast. Á árinu voru þrjú pör sem fögnuðu 10 ára samveruafmæli og fimm pör sem fögnuðu 5 ára afmæli. Verkefnastjórar fóru í heimsóknirnar, færðu þeim blóm og tóku við þá viðtal.

„Finnst öryggi í því að fá símtöl frá sjálfbóðaliðunum“

Símavinir

Símavinir byrjuðu árið 2016 eins og Gönguvinir. Munurinn á þessum tveimur verkefnum er sá að hér eru engar landfræðilegar hindranir. Símavinir geta búið hvar sem er á landinu. Símavinur hringir u.þ.b. tvisvar sinnum í viku í sinn vin og spjallar í allt að 30 mínútur í einu.



Svava og Gígja á 10 ára heimsóknarvina afmæli sínu.



Fanney og Bryndís hafa verið heimsóknarvinir í fimm ár þrátt fyrir langt aldursbil.

Fræðslur og þjálfun sjálfbóðaliða í Vinaverkefnum Rauða krossins.

- | | |
|----------|-------------------------------|
| 3 | Sjálfbóðaliðahittingar |
| 2 | Fræðslur |
| 6 | Nýliðanámskeið |
| 2 | Hundanámskeið |

+ Verkefnastjórar fóru í nokkrar kynningar á árinu og voru þær kynningar inná starfslokanámskeið sem og í félagsmiðstöðvar og dagdvalir hjá eldri borgurum. Á þessum kynningum voru bæði hlutverk sjálfboðaliðans sem og þátttakandans kynnt.

+ Á árinu var farið í samstarf við Securitas þar sem þeir fóru með einblöðunga til þeirra skjólstæðinga þar sem við Vinaverkefnið voru kynnt. Securitas hefur aðkomu að u.þ.b. 3000 einstaklingum.

+ Verkefnastjórar funduðu tvisvar sinnum á árinu við aðrar Rauða kross deildir á Norðurlöndum og margt áhugavert kom fram á fundinum sem hægt er að nýta í Vinaverkefnum hér á landi.

+ Undirbúningur var hafin að nýju Vinaverkefni sem heitir Tónlistarvinir en markmið þess er að mæta félagslegri og tónlistartengdri þörf þeirra sem eiga erfitt með að komast á tónleikastaði af einhverri ástæðu.



42

Vinahópar



33

Símavinir



81

Heimsóknarvinur



21

Gönguvinur



28

Hundavinir

Vinahópar Rauða krossins

Vinahópurinn Föt sem Framlag er hópur sjálfboðaliða sem hittast í húsnæði Rauða krossins í Hafnarfirði einu sinni í viku og þrjóna, í góðri samveru. Fatnaðurinn fer síðan þangað sem þörf er á, hverju sinni. Þörfin er alltaf til staðar þó svo að breytileiki sé í viðtakendum og sýnir það sig og sannar hér hversu ómetanlegt starf er unnið í þessum rótgróna og öfluga þrjónahóp.

Vinahópurinn Dungeons and dragons hittast vikulega og njóta töfra spilsins og samveru.

Verkefnið Æfingin skapar meistarann var lagt niður á árinu þar sem ekki var talin þörf á því lengur þar sem aðrir aðilar innan Rauða krossins halda utan um íslenskukennslu á höfuðborgarsvæðinu.



163

virk þör í
vinaverkefnum



Föt sem framlag hópurinn nýtir allt garn vel



76



144



314



164

Á árinu fóru í kringum 884 flíkur frá þrjónahópnum á ýmsa staði t.d Konukot, Næturathvörf, Skjól, Ljósmeðrafélagið o.fl.


Aðstoð eftir afplánun

Eftir fjarveru úr samfélaginu er margt sem þarf að huga að og mikilvægt að hafa stuðning út í samfélagið að nýju.


Verkefnið er sett þannig upp að einn sjálfbóðaliði sinnir einum þátttakanda sem er að ljúka afplánun eða er í afplánun, með þarfir og vænting- ar einstaklingsins í huga. Gert er ráð fyrir að hvert samband vari í 1 ár þar sem sjálfbóðaliði aðstoðar einstaklinginn við að aðlagast samfélaginu, efla getu þátttakanda við að takast á við þær áskoranir sem verða á vegi þeirra, nýta sér opinbera þjónustu og öðlast tiltrú á eigin getu sem áhrifavalds í eigin lífi.

Sjálfbóðaliðar ásamt verkefnastjóra heimsækja fangelsin nálægt höfuðborgarsvæðinu (Sogn, Hólmsheiði og Litla-Hraun) einu sinni í mánuði, og spjalla við notendur, segja frá verkefninu og hvetja þá til þátttöku. Heimsóknirnar eru mikilvægur hluti af verkefninu en flestar umsóknir um þátttöku koma í eða eftir heimsóknirnar. Einnig er þetta vettvangur þar sem einstaklingar geta leitað ráða eða fengið upplýsing- ar um hvert er hægt að leita ef hlutirnir eru erfiðir að afplánun lokinni.

„Ótrúlegt hvað traust getur gert mikið fyrir fólk og opnað margar dyr“



Sjálfbóðaliði með hund fer á Litla hraun sem hluti af verkefninu Aðstoð eftir afplánun.



***Brottfall 1:** Þeir sem sækja verkefnið en ekki næst í þegar á að vinna umsókn eða afþakka þjónustu áður en ferlið er hæfið.

****Brottfall 2:** Þátttakendur hverfa eftir viðtal eða eftir þörun.

*****Útskrifast:** Þeir sem náðu að vera í verkefninu í 12 mánuði.

******Virk pör:** Þátttakendur paraðir við sjálfbóðaliða Rauða krossins.

Gott og traust samtal við þátttakendur hefur mikið að segja þegar kemur að þessum hóp einstaklinga. Góður undirbúningstími er grunnurinn sem þarf til þess að þátttakendur treysti sínum sjálfböðaliða til að aðstoða sig eða treysta sér til að taka þátt í verkefninu.

Það getur reynst erfitt að viðhalda föstum heimsóknum á Kvíabryggju sökum vegalengdar og oft illfærum vegum á veturna. Því var farið í það verkefni að auglýsa eftir sjálfböðaliða á Snæfellsnesi sem gæti farið í heimsóknir á Kvíabryggju. Góður sjálfböðaliði fannst og hefur hann fengið viðeigandi þjálfun og stefnt er að því að hann byrji að fara í fangelsið árið 2024.

Á árinu 2023 fékkst leyfi frá Fangelsismálastofnun til að sjálfböðaliði með hund færi inn í fangelsið Litla Hraun. Tilgangurinn var að hitta einstaklinga sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og mikið einangraðir.

Formleg eftirfylgd er hafin í verkefninu með það markmið að viðhala tengslum betur við sjálfböðaliða og þátttakendur. Stærsta áskorun í verkefninu er hátt brotfall þátttakenda vegna ýmissa þátta og þetta er tilraun til að styðja betur við þátttakendur og sjálfböðaliða.



34

virkir sjálfböðaliðar
eru í verkefninu



26

umsóknir bárust á árinu um
þátttöku í verkefninu



2	Eftirfylgd
4	Fagræð verkefnis
3	Sýnileiki og kynning verkefnis
1	Hundavinur
27	Pörun

Sjálfböðaliðar sinna hinum ýmsu
hlutverkum innan verkefnisins

Skyndihjálpar og námskeiðahald


Hafnarfjarðar-, Garðabæjar- og Kópavogsdeild sér um sölu og skipulagningu skyndihjálparnámskeiða fyrir höfuðborgarsvæðið og vinnur að útbreiðslu skyndihjálpar í samstarfi við landsskrifstofu og allar deildir Rauða krossins. Útbreiðsla skyndihjálpar hefur verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi í yfir 80 ár. Það getur skipt sköpum þegar á reynir að hafa lært skyndihjálpar og vita hvernig á að bregðast rétt við óvæntum atburðum.

Rauði krossinn býður upp á fjölbreytt námskeið í skyndihjálpar, námskeiðin eru frá 2 klst. upp í 12 klst. og henta frá 12 ára aldri. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að kenna rétt viðbrögð í neyð og einfaldar aðferðir skyndihjálpar. Allt fræðsluefnið er gefið út af Rauða krossinum.

Á árinu 2023 hélt Hafnarfjarðar-, Garðabæjar- og Kópavogsdeild 338 skyndihjálparnámskeið og kynningar. 4.969 þátttakendur sátu skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum árið 2023.

Það var helst boðið upp á 8 tegundir námskeiða (sjá skífurit). Lang vinsælasta námskeiðið var 4 klst skyndihjálpar, eða u.þ.b. helmingur allra námskeiða.

Rauði krossinn hefur á síðasta ári farið í miklar umbætur á skipulagi og efni skyndihjálpar og mun halda ótrauður áfram enda til mikils að vinna.



36	Endurlífgun 2 klst.
40	Verklegr skyndihjálpar eftir vefnámskeiði
38	Slys og veikindi barna/ungmenna
8	Skyndihjálparþykning 1-1,5 klst
171	Skyndihjálpar 4 klst.
25	Skyndihjálpar 12 klst.
15	Þjargvættir fyrir ungmenni
5	Sálaræn fyrsta hjálpar

Það var 120% aukning á þátttakendum sem tóku skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum frá fyrra ári.



Þjargvætta námskeiði í fullum gangi.



91%

auking í námskeiðshaldi á milli ára.

Öryggi og björgun

Frá og með áramótum 2023 hafa Umhverfisstofnun (hér eftir ritað UST) og Rauði krossinn hafið samstarf í Öryggi og björgun (áður Skyndihjálpi og björgun). Hafnarfjarðar-, Garðabæjar- og Kópavogsskiptið sér um sölu og skipulagningu námskeiða í Öryggi og björgun fyrir allt landið utan þess svæðis sem Eyjafjarðarskiptið sér um.



Laugavörður að störfum í Laugardagslaug

Á Íslandi eru yfir 160 sundlaugar og náttúrubaðstaðir, það er líklega með mesta fjölda sundlauga í heiminum þr. höfðatölu. Við erum svo lánsöm að sundkennsla er skilda í grunnskólum landsins og því eru börnin okkar flest synd. Í mörgum löndum er ekki sundkennsla í grunnskólum og þar af leiðandi margir erlendir ferðamenn ekki syndir. Til Íslands komu um 2,2 milljónir ferðamanna árið 2023. Því er mikilvægt að tryggja að laugarverðir fái góða kennslu með áherslu á teymisvinnu til að tryggja að allir starfsmenn íþróttamannvirkja geti í neyðartilfellum unnið saman sem ein heild við óvæntar og krefjandi aðstæður og með því tryggt öryggi gesta á sund og baðstöðum.



36

Öryggi og björgun
námskeið haldin

Deildin hefur á árinu tekið þátt í mörgum verkefnum með Landsskrifstofu og má þar nefna námskeið fyrir leiðbeinendur til að öðlast viðbótarréttindi í Öryggi og björgun þar sem útskrifuðust 9 leiðbeinendur. Mikil vinna hefur farið fram í þróun og undirbúnings kennsluefni og fyrirkomulag námskeiða, með gæði og hagkvæmni hlutaðeiganda í fyrirrúmi. Unnið er að því að koma nýju hæfnisprófi inn í reglugerðina um hollustu-hætti sund- og baðstaða.

Þann 9. febrúar undirrituðu RKÍ og UST samning um framkvæmd hæfnisprófa. Rauði krossinn mun héðan í frá sjá alfarið um þjálfun, námskeið og hæfnispróf í Öryggi, skyndihjálpi og björgun fyrir öll þau sem starfa í vatni. Um er að ræða fyrsta skiptið í sögu öryggismála í vatni á Íslandi þar sem Umhverfisstofnun hefur heimild samkvæmt lögum til að veita aðila eða stofnun umsjón og faglega ábyrgð í þessum mikilvæga málaflokki. Rauða krossinum var falið þetta verkefni eftir að Umhverfisstofnun mat félagið hæft til þess á grundvelli þekkingar og reynslu.

Gæða staðlar í Öryggi og björgun eru þrír. Í fyrsta lagi leiðbeinendur, öðru lagi kennslufni og kennsluaðferðir og í þriðja lagi skipulag og fyrirkomulag námskeiða. Til þess að uppfylla faglegar skyldur samnings Rauða krossins og Umhverfisstofnunar þarf að tryggja gæða staðla en umfram allt tryggja að farið sé eftir reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Eftir viðamikla undirbúnings vinnu sjáum við fram á aukningu í sölu námskeiða í Öryggi og björgun á næstu misserum og tökum við því fagnandi því verkefni að uppfylla vaxandi ósk um öryggi gesta á sund og baðstöðum.



Það er alltaf í nóg að snúast hjá Laugavörðum.



9

Staðnámskeið voru haldin
í Öryggi og björgun



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, og Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, undirrituðu samninginn Öryggi og björgun.

Fjáröflun og gjafir

Tekjur deildarinnar safnast frá ýmsum áttum og er stuðningur einstaklinga, fyrirtækja og stofnanna einkar mikilvægur. Styrkir og aðrar fjárveitingar frá sveitafélögum er verkefnunum dýrmæt því án fjárveitinga er erfitt að halda uppi jafn góðu starfi og gert er í dag. Deildin fékk styrk frá tombólu börnum og líkt og árin áður fengum við veglegan styrk frá leikskólanum Norðurbergi í Hafnarfirði. Norðurberg hefur staðið fyrir dósasöfnun til stuðnings Rauða krossinum á Íslandi síðan 2000 og mikil þátttaka hefur verið hjá börnum og starfsmönnum og nýttist framlagið vel.

Það er dyggur hópur einstaklinga sem styður starfið með mánaðarlegum greiðslum og svo eru aðrir sem styrkja starfið með eingreiðslum. Færum við velunnurum bestu þakkir fyrir.

Deildin lagði af stað með árlega kakósöfnun í Jólalporpinu í miðbæ Hafnarfjarðar en þar sem upp kom mygla í húsnæðinu rétt fyrir jól náðu sjálfbóðaliðar einungis að standa fyrstu tvær helgarnar. Söfnunin fór fram með þeim hætti að hægt var að fá heitt kakó í skiptum við frjáls framlög. Sjálfbóðaliðar stóðu vaktina og deildinni söfnuðust rúmlega 300 þúsund krónur. Við þökkum sjálfbóðaliðunum sem stóðu vaktina kærlega fyrir.



Kraftmiklar dömur úr Setbergsskóla söfnuðu fyrir börnum og fólki í Úkraínu, þær söfnuðu 17.409 krónum.



Starfsfólk leikskólans Norðurbergs.




Gleði á Jólalporpinu.

Fræðsla og kynningarstarf

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og lagt er mikið upp úr því að sjálfbóðaliðar fái góða þjálfun á þeim vettvangi sem þeir starfa á. Það er lögð áhersla á að geta vaxið í sjálfbóðaliðastarfi og að hægt sé að bæta á sig þekkingu. Námskeiðsvefur Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans er upplýsinga- og fræðsluvefur opinn öllum. Þar má finna ýmis námskeið sem tengjast störfum Rauða krossins.



Fjölmennt á kynningu vinaverkefna



Rauða kross sjálfbóðaliðar og leiðbeinendur með skyndihjálpar- kynningu í Hörpunni

Fræðsla og kynningarstarf deildarinnar var öflugt á árinu enda hefur verið lögð áhersla á öflugt málsvaerastarf og er kynningar og gott samstarf liður í því. Af öðru starfi má nefna góða samvinnu og samstarf á milli deilda á höfuðborgarsvæðinu, þá er samstarf við landsskrifstofu mikið og má þar nefna hvað varðar stjórnsýslu, rekstri, bókhaldi og fleiru.

Aukið samstarf við deildir út á landi hefur aukist á árinu og þá sérstaklega með verkefninu Öryggi og björgun. Samstarfið snýr að því að miðla þeirri þekkingu sem safnast hefur í deildinni um land allt.

Stjórn, nefndir, starfsfólk

Stjórn Rauða krossins í Hafnarfirði Garðabæ, Kópavogi

Margrét Gauja Magnúsdóttir , formaður
Íris Hvanndal Skaftadóttir, varaformaður
Jóhanna Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Þorsteinn Jónsson, gjaldkeri
Indriði Gunnlaugsson , meðstjórnandi
Guðbjörg Sveinsdóttir, varamaður
Védís Einarsdóttir, varamaður

Félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga

Ólafur Reimar Gunnarsson

Löggiltir endurskoðendur

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Umsjónarmaður með skyndihjálp

Magnús Kristófersson

Fulltrúi í neyðarvarnaráði hbsv.

Margrét Gauja Magnúsdóttir

Hönnun og umbrot ársskýrslu:

Argh! Ágústa Ragnarsdóttir

Grundvallarhugsjónir

Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólgin í markmiðunum sjö um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimsheyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfböðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

+ Mannúð

Aljóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim særst höfðu á orustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og léttja þjóningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

+ Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjóningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

+ Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

+ Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannnúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

+ Sjálfböðin þjónusta

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

+ Eining

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannnúðarstarf um landið allt.

+ Alheimsheyfing

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og skömu skyldur til gagnkvæmrar hjápar.